

Sv.: Það gerir afar-mikinn mismun.

20. Sp.: Hvers vegna?

Sv.: Af því öll hegðan fyrst og síðast stafar af grundvallarskoðunum. Ef því einhver hefir rangar hugsanir og tilfinningar, getur breytni sú, sem af því sprettur, ekki verið rjett.

21. Sp.: Hversu fer, ef maður breytir rangt?

Sv.: Þá fer maður á mis við hina æðstu vellíðan og sælu. Ef maður á sjóferðum hefir ranga hugmynd um siglingafræði, er hætt við að hann nái ekki rjetttri höfn. Á sama hátt fer það í öllum lífs-athöfnum mannsins.

22. Sp.: Hvað er mest árfðandi í trú manna?

Sv.: Að hafa rjettar hugmyndir um guð og menn, og hafa rjettar tilfinningar.

23. Sp.: Hvers vegna?

Sv.: Af því þær leiða mann til rjettrar breytni og setja mann í rjett samband við guð.

24. Sp.: Eru trúarlegir helgisiðir og stofnanir árfðandi?

Sv.: Já; en hvortveggja eru ávextir af trúarbrögðunum, enn ekki orsakir þeirra; verður því að vera rjett skilið og rjett brúkað.

25. Sp.: En er þá þetta nokkurn tíma skaðlegt?

Sv.: Já; þegar það hindrar vöxt hins rjetta andlega lífs, eða kemur í þess stað.

26. Sp.: Skýr þetta með dæmi?

Sv.: Að eins þeir trúarsíðir gera gagn, sem glæða